

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

Umsögn um drög að orkustefnu fyrir Ísland

Vinnsla og framsetning heildstæðrar orkustefnu fyrir landið er löngu tímabær og því er þeirri vinnu sem nú er hafin fagnað sérstaklega. Umfang málsins er hins vegar með þeim hætti að nauðsynlegt er að kalla að borðinu miklu fleiri aðila en gert hefur verið fram að þessu og gefa þeim tíma til að gaumgæfa innihald stefnunnar og tengsl hennar við aðra stefnumörkun.

Á þessu stigi eru gerðar tvær megin athugasemdir við stefnuna:

Annars vegar er sú athugasemd gerð við stefnuna og þann anda sem þar birtist að þeirri hugsun verður ekki varist að hún sé öðrum þræði sett fram til höfuðs orkufrekum stóriðnaði, án þess þó að það sé nefnt með beinum hætti. Skýrasta vísbendingin um þetta er þó að á nokkrum stöðum er talað um „almennt atvinnulíf“ sem þá væntanlega felur í sér eitthvað „annað atvinnulíf“ sem er þá ekki almennt. Þetta „annað atvinnulíf“ er svo skilið eftir þegar kemur að einu megin markmiði orkustefnunnar, sem er að tryggja með öruggum hætti orkuþörf til lengri og skemmri tíma.

Hins vegar eru gerðar athugasemd við það að vart er minnst á tengsl og/eða mikilvægi orkustefnunnar annars vegar og byggðapróunar í landinu hins vegar. Skilin á milli sjávarauðlindarinnar og byggðarlaganna í landinu ætti að vera mönnum víti til varnaðar í því að ekki verði gengið fram með sama hætti þegar kemur að heildarstefnumótun varðandi nýtingu orkuauðlindanna. Að öðru jöfnu fara hagsmunir heimamanna, sem felast í þeirri uppbyggingu sem fylgir orkuvinnslu og nýtingu, saman við þjóðhagslega hagsmunir, enda kostnaðarsamt að flytja orkuna um langan veg. Þessa byggðatengingu er t.a.m. mikilvægt að hafa í huga þegar kemur að því að staðsetja mismunandi kosti í uppbyggingu orkufreks iðnaðar og horfa þá til mismunandi aðstæðna á milli landshluta. Þar vega þættir eins og uppbygging innviða ásamt stærð og samsetning vinnumarkaðar misjafnlega, m.a. eftir stærð verkefna. Nánar er vikið að þessum þætti í athugasemd vegna umfjöllunar á bls. 43 um mismunandi form orkusölusamninga.

Að þessu sögðu eru hér settar fram athugasemdir og/eða ábendingar varðandi einstök atriði stefnunnar og blaðsíðutals getið.

Bls. 10

Í umfjöllun um samfélagslega þætti vantar alveg tenginu við byggðapróun /byggðastefnu.

Bls. 12.

Minnt er á að það orkuöryggi sem þjóðin býr við í dag á rætur að rekja til uppbyggingar orkufreks iðnaðar og þeirra hagkvæmu virkjanakosta sem ráðist var í vegna þeirra uppbyggingar.

Bls. 14

Minnt er á að Norðausturland og þá sérstaklega Húsavíkursvæðið býr við mjög laka tenginu og til að byggja þar upp orkufreka starfsemi sem byggði á þeim orkuauðlindum sem á svæðinu eru þarf að ráðast í uppbyggingu flutningskerfisins þar frá grunni.

Bls. 19

Eðlilegt er að orkuiðnaður og sú landnýting sem honum fylgir greiði gjald fyrir afnotin en að sama skapi hlýtur þá að vera eðlilegt að aðrar atvinnugreinar geri það einnig enda útiloki nýting þeirra á sömu landgæðum aðra notkun þeirra, a.m.k. á meðan á henni stendur.

Bls. 23

Í umfjöllun um flutningskerfi raforki vantar það markmið að kerfið tryggi, eða stuðli a.m.k. að jöfnun samkeppnisstöðu svæða hvað varðar afhendingu raforku, að teknu tilliti til flutningsvegalengda.

Bls. 27-29

Í umfjöllun um arð af orkuauðlindunum er sýnin of þröng og eingöngu er horft til arðs orkufyrirtækjanna en þjóðhagsleg arðsemi sem m.a. felst í þeirri atvinnuuppbyggingu sem hagstætt orkuverð getur laðað til landsins, sett til hliðar. Einnig er hæpið að horfa til raforkuverð í Evrópu eingöngu þegar verið er að verðleggja raforku héraðs. Eðlilegra hlýtur að vera að horfa fyrst og fremst til framleiðslukostnaðarins hér og ásættanlegrar arðsemi af starfsemi, sem þá væri eðlilegra að bera saman við arðsemi orkuiðnaðarins á meginlandinu.

Bls. 28

Ekki verður séð að horft sé til nýtingartíma mismunandi orkukaupenda þegar verið er að fjalla um verð á mismunandi mörkuðum eða til mismunandi notenda. Að taka slíkt ekki inni myndina gefur mjög villandi mynd þar sem eðlilegt er að háum nýtingartíma fylgi lægri einingaverð en þegar nýtingartíminn er lægri, s.s. í framleiðsluástandi sem einungis nýtir orku hluta þeirra 8700 stunda sem eru í árinu.

Bls. 30

Réttilega er bent á hættuna sem felst í því að tengja landið við raforkukerfi meginlandsins með sæstreng en slík tenging myndi að öllum líkindum hækka orkuverð hér langt umfram þarfir orkufyrirtækjanna fyrir eðlilega arðsemi. Ekki má gleyma því að þetta hagstæða orkuverð er einn af búsetukostum landsins og því afar mikilvægur þáttur í þróun samfélagsins til framtíðar.

Bls. 33

Varðandi tímalengd samninga um nýtingarrétt þarf einnig að huga að því að form þeirra og tímalengd sé ekki með þeim hætti að það hækki verð á hinni seldu orku til muna.

Bls. 34

Með því að virkjanakostir verði rannsakaðir á kostnað eigenda/opinberra aðila er verið að setja talsverða útgjaldakröfu á þá og eins og staða hins opinbera er í dag er þetta líklegt til að virka hamlandi á rannsóknir á þessu sviði. Þetta er í því óskynsamleg nálgun, nema markmiðið sé að hamla rannsóknum og nýtingu.

Bls. 39

Gjalda verður varhug við því að unnt verði að grípa til einhverra mótvægisáðgerða til að halda niðri verði á raforku til almennra notenda, verði landið tengt raforkumarkaði meginlandsins með sæstreng. Slíkar

aðgerðir eru einfaldlega andstæðar megin reglum á sameiginlegum raforkumarkaði meginlandsins og eð því að tengjast honum eru menn að undirgangast reglur hans.

Bls. 40

Athyglisvert er að BOT aðferðin er sett fram sem möguleiki til að leggja sæstreng til meginlandsins á sama tíma og vart má nefna þessa aðferð við uppbygginu orkuiðnaðarins hér innanlands.

Bls. 41

Erfitt er að sjá hver tilgangurinn er með þeirri greiningu sem fram er sett á útflutningsverðmætum og aðföngum einstakra atvinnugreina, í tengslum við mótun orkustefnunnar sem slíkrar. Hér er tekinn sá mælikvarði þar sem ál- og kísiljárnvinnsla sker sig úr hvað varðar innflutt aðföng skv. þeim mælikvörðum sem notaðir eru. Það vekur t.a.m. athygli að erlend aðföng í formi vaxta og afborgana af erlendum lánnum vegna fjárfestinga í þessum atvinnugreinum eru ekki teknar með. Þannig er þessi greining alltof grunn og nauðsynlegt að fá dýpri greiningu óvilhallra fagstofnana, eigi slíkar greiningar að mynda forsendu stefnumörkunar á þessu mikilvæga sviði sem orkustefna heillar þjóðar er.

Bls. 43

Þegar vegnir og metnir eru kostir mismunandi orkusölusamninga þarf að m.a. að horfa til þeirra kringumstæðna sem við er að fást á hverjum stað/svæði. Þannig er vel hægt að taka undir það að leggja ætti áherslu á minni kosti í orkufrekum iðnaði þar sem innviðir eru þegar til staðar (vegna fyrri uppbyggingar stóriðju) og nýta þannig betur þau tækifæri sem í því felast. Hins vegar gildir allt annað á þeim svæðum þar sem uppbygging innviða hefur ekki átt sér stað, eins og var Austfjörðum á sínum tíma og á einnig við á Húsavíkarsvæðinu. Í þeim aðstæðum þarf uppbyggingin að vera af þeirri stærðargráðu að hún beri uppi nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum, s.s. flutningskerfi raforku, hafnarmannvirkjum og fl. Að öðrum kosti verður hið opinbera að vera reiðubúið að bera þann fjárfestingarkostnað, a.m.k. til einhvers tíma. Sé önnur hvor leiðin ekki farin jafngildir það ákvörðun um að viðkomandi landssvæði eigi ekki að njóta þeirra möguleika sem í orkuvinnslunni og framleiðslustarfsemi sem henni tengist felast. Þetta er dæmi þar sem sárlega vantar tengingu á milli mótunar orkustefnu við virka byggðastefnu í landinu.

Húsavík 20. febrúar 2011

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga